

Spilling

Meint spilling íslensks fyrirtækis á erlendri grundu hefur verið mikil til umfjöllunar undanfarin ár. Einn angí þeirrar umræðu lýtur að regluverkinu um spillingu sem er í gildi hérlandis. Eftirfarandi hefur þó ekki verið rætt.

Samningur
Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu frá 2003 er helsti milliríkjasamningurinn sem riði heims hafa komið sér saman um í baráttunni gegn spillingu. Ísland fullgilti samninginn árið 2011 en birti hann ekki með auglýsingum í stjórnartíðindum C fyrr en rúmlega ellefu árum síðar, þ.e. 26. ágúst á síðasta ári. Svipaða sögu er að segja um viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins á svíði refsiréttar um spillingu frá 2003. Ísland fullgilti samninginn árið 2013 en birti hann ekki í stjórnartíðindum C fyrr en átta árum síðar, þ.e. 21. júlí 2021.

Afleiðingar

Pessi töf á birtingu hefur að öllum líkindum afleiðingar. Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað kemur fram sú meginregla að fyrirmælum er felast í lögum, auglýsingum, reglugerðum, samþykktum eða öðrum slíkum ákvæðum almenns efnis megi eigi beita fyrr en við birtingu í Stjórnartíðindum. Auk þess kemur fram að óbirt fyrirmæli bindi þó stjórnvöld frá gildistöku þeirra.

Í 18. og 21. tölulið 6. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að refsa skuli eftir íslenskum hegningarlögum fyrir háttsemi sem greinir í umræddum samningi og viðbótarbókun enda þótt hún eigi sér stað utan íslenska ríkisins og án tillits til þess, hver er að henni valdur.



Bjarni Már
Magnússon

Vegna fyrrnefndrar tafar á birtingu í stjórnartíðindum C má spryja hvort það gangi upp að ákæra fyrir spillingarbrot, á grunni fyrrnefndas samnings og bókunar, fyrir háttsemi sem átti sér stað fyrir birtingu samningsins og bókunarinnar, ef haft er í huga að löginn um stjórnartíðindi banna beitingu

» Töf á viðhlítandi birtingu á alþjóðasamningum um spillingu takmarkar að öllum líkindum möguleika ákæruvaldsins í slíkum málum.

óbirtra fyrirmæla. Ofangreint verður að hafa í huga þegar meint spilling íslenskra aðila á erlendum vettvangi er tekin til skoðunar.

Til að forðast misskilning er rétt að taka fram að aðrar leiðir eru færar til að gefa út ákæru á grundvelli almennra hegningarlaga fyrir spillingu en hér að ofan er lýst. Auk þess verður að taka fram að íslenska ríkið er bundið af fyrrnefndum samningi og bókun frá því tímamarki að fullgilding átti sér stað.

Ótæk töf

Hvað sem því líður þá er algerlega ótakt að það hafi tekið jafn langan tíma og raun ber viðni að birta umrædda alþjóðasamninga. Auk þess má spryja hvort þessi töf gefi einhverjar vísbindingar um stefnu stjórnvalda í baráttunni gegn spillingu síðasta áratuginn.

Hófundur er prófessor við lagadeild Háskóla Íslands á Bifröst.